



SKÓLASKRIFSTOFA  
SUÐURLANDS

---

Ársskýrsla  
Skólaskrifstofu Suðurlands  
fyrir skólaárið 2008-2009

---



# Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Efnisyfirlit.....  | 3  |
| Inngangur .....  | 4  |
| Starfsfólk og aðstaða.....   | 6  |
| Kennsluráðgjöf .....   | 8  |
| Sálfræðiráðgjöf .....  | 12 |
| Ráðgjöf vegna talmeina .....   | 15 |
| Leikskólaráðgjöf.....  | 17 |
| ART verkefnið .....  | 18 |
| Endurmenntun og fræðsla .....  | 20 |
| Stóra upplestrarkeppnin .....  | 25 |
| Stærðfræðikeppnin.....   | 27 |
| Grunnskólar á Suðurlandi 2008-2009 .....   | 29 |
| Leikskólar á Suðurlandi 2008-2009 .....  | 31 |
| Grunnskólanemar í skólum á starfssvæði Skólaskrifstofu Suðurlands 1. des. 2008 ..... | 33 |
| Fjöldi leikskólabarna á starfssvæði Skólaskrifstofu Suðurlands í des. 2008 .....     | 34 |

# Inngangur

Skólaárið 2008-2009 hófst á venjubundinn hátt, en eftir að efnahagshrunið reið yfir hafa skólar og stofnanir þurft að glíma við miklar hagræðingar- og sparnaðaraðgerðir. Flestir leggjast þó á eitt og vinna einarðlega að því eins og kostur er að hagræða án þess að skerða gæði skólastarfsins. Ekki varð vart mikilla afleiðinga hagræðingar á skólaárinu, en reikna má með að næsta skólaár, skólaárið 2009-2010 verði erfiðara. Skólaskrifstofa Suðurlands fer ekki varhluta af því að þurfa að hagræða, en eins og aðrar stofnanir var það haft að leiðarljósi að draga sem minnst úr þjónustu. Þó er ljóst að næsta skólaár þarf að taka upp agaðri vinnubrögð til að nýta betur tíma sérfræðinga, bæði út í skólunum og á skrifstofunni. Ný lög um grunn-, leik- og framhaldsskóla tóku gildi í upphafi skólaársins og kveða þau á um aukna eftirfylgd sérfræðiþjónusta. Starfsmenn skólaskrifstofunnar tóku í kjölfarið upp ný vinnubrögð sem fela í sér meiri eftirfylgd. Ekki var fjölgað starfsmönnum til að mæta þessari aukningu. Biðlistar hafa því lengst eitthvað og álag á starfsfólk skrifstofunnar aukist. Tilvísunum vegna talmeina fjölgaði um rúmlega 100% á árinu og eru biðlistar þar því lengri en áður hefur þekkt.

Á 3. aðalfundi Skólaskrifstofu Suðurlands sem haldinn var í nóvember 2008 var tekin ákvörðun um niðurskurð og framkvæmdastjóra og stjórn falið að gera nýja fjárhagsáætlun í samráði við fjárhagsnefnd sem skipuð var á aðalfundinum, þar sem þjónustugjöld sveitarfélaganna yrðu ekki hærri en rekstrarárið 2008. Í apríl samþykkti stjórnin nýja áætlun og var hún 1,7% lægri en áætlun 2008. ART verkefnið hélt áfram og fengu u.þ.b. 20 börn meðferð hjá teyminu, auk þess sem teymið hélt námskeið, handleiddi kennara og félagsþjónustur og veitti ráðgjöf. Aðeins fór teymið út fyrir starfssvæðið og hefur haldið námskeið á Akureyri, á Húsavík og verið með handleiðslu á meðferðarheimilinu Stuðlum. Teymið fékk 10 millj. kr. framlag frá Menntamálaráðuneytinu fyrir árið 2009 og dugar sú fjárhæð til reksturs teymisins fram í september með þeim sparnaðaraðgerðum sem beitt hefur verið, en fjárhagsáætlun hljóðaði upp á 18 millj. kr. fyrir endurskoðun.

Þær mannabreytingar urðu á skólaárinu að Arnar Sverrisson sálfræðingur tók til starfa í ágúst og leysti af hólmi Þuríði Pétursdóttur sálfræðing. Hólmfríður Árnadóttir talmeinafræðingur tók til starfa sem fastur starfsmaður skrifstofunnar í hálfu starfi, en hún var áður í verktöku hjá skrifstofunni ásamt Valdísi Guðjónsdóttur. Arnar hætti störfum um áramót og Snorri Rafn Sigmarsson sálfræðingur tók við starfi hans.

Grunnskólanemendur fækkaði lítillega, en leikskólanemendum fjölgaði. Leikskólum fækkaði um einn, en í Árborg tók leikskólinn Jötunheimar við hlutverki leikskólanna Ásheima og Gláðheima. Jötunheimar taka nokkuð fleiri nemendur en hinir tveir gerðu samanlagt.

Kennsluráðgjafar skrifstofunnar unnu með skólunum að bættri lestrarfærni með Læsiverkefninu svokallaða, en það felst í því að flestir skólar á svæðinu leggja fyrir Læsiþróf og kennsluráðgjafar veita handleiðslu og leiðsögn um fyrirlögn, úrvinnslu og

vinnu sem byggir á niðurstöðum prófanna. Í lestrarkönnun Félagsvísindastofunar Íslands: *Staða lestrarkennslu á Íslandi*, sem birt var í sumar og gerð fyrir menntamálaráðuneytið, kemur í ljós að ekki er vanþörf á að taka til hendinni í lestrarþjálfun á öllum skólastigum grunnskólans.

Tilraunaverkefnið um iðjuþjálfu á Suðurlandi hefur nú staðið yfir í tvö ár, en iðjuþjálfni sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð sem snýr að iðjuþjálfun barna á aldrinum 1-18 ára. Starf iðjuþjálfu er kostað í samvinnu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem greiðir 60% af kostnaði við starfið, Skólaskrifstofu Suðurlands og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra sem greiða hvor um sig 20% kostnaðar. Iðjuþjálfni heyrir undir Heilbrigðisstofnun Suðurlands, en sinnir ráðgjöf og greiningu í leik- og grunnskólum. Hægt er að vísa málum til iðjuþjálfu í samvinnu við sérfræðinga Skólaskrifstofu, sérfræðinga Heilbrigðisstofnunar og í gegnum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

Breytingar urðu í stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands í byrjun skólaársins 2008-2009, en þá flutti Björgvin Jóhannesson af svæðinu og Ingvar Pétur Guðbjörnsson tók við sæti hans í stjórn.

Við þökkum skólum og sveitarstjórnnum á Suðurlandi gott samstarf á skólaárinu.

*Kristín Hreinsdóttir*  
*framkvæmdastjóri*

# Starfsfólk og aðstaða

Skólaárið 2008-2009 störfuðu níu starfsmenn á Skólaskrifstofu Suðurlands í tæplega 8,0 stöðugildum. Starfsmenn voru þessir:

- Edda G Antonsdóttir, kennslu- og sérkennsluráðgjafi í 100% starfi.
- Alda Sigrún Magnúsdóttir, sálfræðingur í 100% starfi.
- Elinborg Sigurðardóttir, kennslu- og sérkennsluráðgjafi í 100% starfi.
- Hrafnhildur Karlsdóttir, leikskóla- og sérkennsluráðgjafi í 100% starfi.
- Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri í 100% starfi.
- Hólmfríður Árnadóttir, talmeinafræðingur í 50% starfi.
- Ragnar S Ragnarsson, sálfræðingur í 100% starfi. Ragnar er einnig staðgengill framkvæmdastjóra.
- Rut Guðmundsdóttir, kennslu- og sérkennsluráðgjafi í 49% starfi.
- Arnar Sverrisson, sálfræðingur í 100% starfi frá 1. ágúst til 31. desember 2008.
- Snorri Rafn Sigmarsson, sálfræðingur í 100% starfi frá 1. janúar 2009.



Skólaskrifstofa Suðurlands hefur samvinnu um ýmsa þjónustu með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Sorpstöð Suðurlands og Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Stuðningsþjónustan felst í símsvörun, afgreiðslu, bókhaldi og fjármálaumsýslu. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga sjá þessum stofnunum fyrir þjónustunni, en hana inna af hendi: Alda Alfreðsdóttir afgreiðslufulltrúi, sem sér um símsvörun, afgreiðslu, skráningar á námskeið, veitingar, gagnasafn Skólaskrifstofu o.fl. Ragnheiður Óskarsdóttir sinnir bókhaldsumsjón og Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir er í hálfu starfi sem skrifstofumaður. Framkvæmdastjóri SASS er Þorvarður Hjaltason.

Skrifstofan er staðsett að Austurvegi 56, Selfossi, 2. hæð. Útibú eru tvö, en tveir af kennsluráðgjöfum skrifstofunnar eru staðsettir í útibúum. Edda G Antonsdóttir er með aðsetur að Austurvegi 4, Hvolsvelli þrjá til fjóra daga vikunnar, en einn til tvo daga á Selfossi. Elinborg Sigurðardóttir er staðsett í Heilsugæslunni Laugarási þrjá daga í viku og tvo á Selfossi. Sú bráðabirgðalausn var fundin á húsnæðisvanda skrifstofunnar að fundasalur var minnkaður og skrifstofan fékk hluta hans sem skrifstofuhúsnæði. ART teymið hefur skrifstofuaðstöðu í Kjarnanum á Selfossi, á 2. hæð.

Starfsmenn skrifstofunnar eru mikið á ferðinni. Þjónustan fer að miklu leyti fram úti í skólunum, þar hitta sérfræðingar gjarnan nemendur, foreldra, kennara, og skólastjórnendur, leggja fyrir greinandi próf, taka viðtöl og veita ráðgjöf. Þeir vinna svo úr upplýsingunum á skrifstofunni. Þetta kallar á góða aðstöðu fyrir sérfræðinga úti í skól-

unum, enda mikilvægt að þeim sem þjónustunnar njóta líði vel á meðan á viðtali stendur. Sumir skólanna á svæðinu hafa brugðist vel við og sjá sérfræðingunum fyrir góðri vinnu- aðstöðu, en því miður vantar enn upp á að aðstaða sérfræðinga sé fullnægjandi alls staðar.

Nánari upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar, fundargerðir, eyðublöð, upplýsingar um skóla á Suðurlandi, o.fl. er að finna á heimasíðu Skólaskrifstofu Suðurlands: <http://www.sudurland.is/skolasud>.



*Meðfylgjandi línurit sýna þróun nemendafjölda í grunn- og leikskólum á starfssvæði Skólaskrifstofu Suðurlands árin 2001-2008 (efri mynd), ásamt breytingum á fjölda starfsmanna sem starfað hafa á skrifstofunni á sama tíma*

# Kennsluráðgjöf

Á Skólaskrifstofunni starfa þrjár kennsluráðgjafar í 2,5 stöðugildum. Meginmarkmið kennsluráðgjafar er að styrkja skólastarfið í heild sinni en kennsluráðgjafar sinna sérkennsluráðgjöf sem og almennri kennsluráðgjöf. Þeir greina námsvanda einstakra nemenda og nemendahópa og vinna með kennurum og foreldrum að málum er varða nám og kennslu.

## Verksvið kennsluráðgjafa er:

Greining á námsstöðu og námserfiðleikum einstakra nemenda og hópa.

Ráðgjöf til kennara og eftirfylgd með nemendum.

Ráðgjöf til starfsfólks skóla vegna nýbreytni í kennsluháttun og þróunarstarfs.

Ráðgjöf vegna bekkjarstjórnunar og agamála.

Ráðgjöf vegna samskipta og félagslegra tengsla nemenda.

Fræðsla til starfsfólks skóla á fundum og námskeiðum.

Ráðgjöf og fræðsla til foreldra.

Mat og ráðgjöf um skipulag kennslu og sérkennslu við einstaka skóla.

Samstarf við aðra sérfræðinga Skólaskrifstofunnar.

Samstarf við aðrar þjónustustofnanir.

## Verkefni skólaárið 2008 – 2009

Stærstur hluti verkefna kennsluráðgjafa felst í ýmiss konar námslegum greiningum á stöðu einstakra nemenda og nemendahópa. Að auki aðstoða þeir starfsfólk skólanna við skipulagningu náms og kennslu, gera úttekt og mat á kennslu og skólastarfi og veita ráðgjöf vegna sérkennslu og almennrar kennslu. Kennsluráðgjafar sinna einnig námskeiðahaldi og fræðslu í samvinnu við annað starfsfólk Skólaskrifstofunnar og vinna með kennurum að þróunarverkefnum og nýbreytni í starfi einstakra skóla.

Á síðasta skólaári tóku tveir skólar á svæðinu þátt í þróunarverkefni um *Byrjendalæsi* og fengu við það ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum skrifstofunnar, sem unnu undir handleiðslu sérfræðinga á Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri. Annar þessara skóla ákvað að þróa *Byrjendalæsið* áfram á eigin spýtur og aðlaga það að sínum kennsluháttum en í hinum skólanum unnu kennsluráðgjafar með kennurum að skipulagningu og framgangi verkefnisins fram til áramóta.

Verkefnið *Gagnvirkur lestur* hélt áfram og nú bættust tveir skólar í hópinn. Alls hafa því sjö skólar fengið formlega ráðgjöf og eftirfylgni kennsluráðgjafa í þeim efnunum á sl. þremur árum.

Síðastliðið haust var farið af stað með samræmingu á fyrirlögn *LÆSI* – lestrarskimananna í 1. og 2. bekk undir stjórn kennsluráðgjafa í öllum skólum á starfssvæði Skrifstofunnar. Var það gert til þess að niðurstöðurnar yrðu marktækari og þær nýttust kennurum og nemendum betur. Um er að ræða þrjú próf í 1. bekk og tvö í 2. bekk. Prófum þessum, sem lögð eru fyrir af kennurum skólanna, er ætlað að skima lestrarfærni nemenda á ákveðnum tímum yfir veturinn. Markmiðið með fyrirlögn þeirra er að finna sem fyrst þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarerfiðleika að stríða, svo hægt sé að taka á vanda þeirra með markvissum hætti. Mikilvægt er að leggja þessi próf fyrir eftir ákveðnum, stöðluðum fyrirlagnareglum til þess að niðurstöðurnar séu samanburðarhæfar. Miklu skiptir einnig að unnið sé markvisst með einstaka nemendur út frá niðurstöðum prófanna.

Þessi verkefni öll eru hluti af átaki Skólaskrifstofu og skóla á svæðinu í að bæta lestrarfærni nemenda, en það átak hefur staðið í nokkur undanfarin ár.

Með gildistöku ákvæðis nýrra grunnskólalaga um eftirfylgd sérfræðiþjónustu við mál einstakra nemenda í kjölfar greininga, hefur vinnulag kennsluráðgjafa talsvert breyst. Hvert mál hefur því tekið lengri tíma og fleiri fundir verið haldnir í kjölfar greininga. Að mati kennsluráðgjafa hafa þessi vinnubrögð reynst vel.

Kennsluráðgjafar unnu einnig að ýmsum verkefnum í samstarfi við aðra starfsmenn Skrifstofunnar.

Vinna kennsluráðgjafa fer aðallega fram úti í skólunum þar sem þeir hitta börnin á skólatíma. Aðstaða til viðtala og greiningarvinnu er þó mjög mismunandi eftir skólum og hefur farið batnandi á undanförunum árum, þó enn sé hún óviðunandi í einstaka skóla. Brýnt er að þeir skólar geri gangskör í að bæta aðstöðu utanaðkomandi sérfræðinga sem koma í skólann. Til þess að meiri líkur séu á marktækum niðurstöðum í greiningum og prófum verða prófaðstæður að uppfylla ákveðin skilyrði hvað varðar t.d. loftræstingu, birtu, hljóðeinangrun og húsgögn.

### Tilvísanir vegna einstakra nemenda, bekkja og hópa

Eins og undanfarin ár komu langflestar tilvísanir vegna einstaklinga frá skólunum í samráði við foreldra, en í nokkrum tilvikum snéru foreldrar sér beint til kennsluráðgjafa vegna barna sinna. Einnig eru dæmi um að tilvísanir hafi borist frá starfsmönnum heilsugæslu í samráði við foreldra. Tilvísanir vegna nemendahópa eða bekkja komu frá kennurum eða skólastjórum.


Tilvísunum í heild fjölgaði talsvert frá fyrra ári. Auk þess hefur færst í vöxt að lagðar séu fyrir viðamiklar hópskimanir í heilum árgöngum t.d. í lestri og stærðfræði, sem taka talsverðan tíma í úrvinnslu.



Alls bárust kennsluráðgjöfum 206 tilvísanir vegna einstakra nemenda á síðasta skólaári en árið áður voru einstaklingstilvísanir 176. Tilvísanir vegna drengja voru 136 en 70


vegna stúlkna. Fjöldi tilvísana vegna drengja er þannig 66% á móti 34% vegna stúlkna. Aukning hefur orðið í tilvísunum vegna drengja frá fyrra ári en málum stúlkna hefur að sama skapi fækkað.

**Tilvísanir til kennsluráðgjafa eftir tilvísunarástæðum**



Flestar tilvísanir vörðudu sem fyrr nemendur úr 4. bekk, eða 20% af heildarfjölda. Næstflestar tilvísanir bárust vegna nemenda í 6. bekk eða 15%. Samræmd próf í 4. og 7. bekk ásamt hópskimuninni GRP-14 í lestri í 9. bekk fjölga beiðnum um einstaklingsgreiningar. Í því sambandi leggjum við áherslu á mikilvægi þess að kennarar hafi góðan aðgang að sundurliðuðum niðurstöðum þessara prófa til að geta nýtt sér þær gagnlegu upplýsingar sem þar er að finna við skipulagningu náms og kennslu.

**Tilvísanir til kennsluráðgjafa eftir bekkjum**



Kennsluráðgjöfum bárust alls 30 tilvísun vegna nemendahópa eða bekkja. Hér er um að ræða tengslakannanir, hópskimanir í lestri, ritun og stærðfræði og mat á þroska nemenda, auk mála er varða bekkjarstjórnun, aga og skipulag kennslu.

Hlutfall greiningabeidna vegna lestrar- og ritunarerfiðleika er 51% af öllum beiðnum og hefur aðeins fjölgað frá síðasta ári. Oft eru þó tilgreindar fleiri en ein ástæða í sömu tilvísun og erfitt getur verið að taka lestur úr samhengi við annað nám. Fjöldi tilvísana vegna stærðfræðierfiðleika er svipaður og áður eða 24% af heildarfjölda. Málum kennsluráðgjafa vegna málþroskaraskana hefur fækkað, sem rekja má til þess að nú er starfandi talmeinafræðingur á Skólaskrifstofunni sem sinnir flestum þeim málum.

Oft þarf að kenna þeim nemendum sem greinast með sértæka námsörðugleika á einhverju sviði samkvæmt einstaklingsnámskrá, sem felst m.a. í því að þeir þurfa sérsniðið námsefni og breyttar námsaðstæður sem taka mið af einstaklingsþörfum þeirra. Kennsluráðgjafar aðstoða kennara gjarnan við að skipuleggja nám og kennslu þessara nemenda og veita jafnframt foreldrum ráðgjöf til þess að þeir geti sem best aðstoðað börn sín við námið.


# Sálfræðiráðgjöf

Skólaárið 2008-09 störfuðu þrjú sálfræðingar við skrifstofuna, allir í fullum stöðugildum. Þeir sinntu 292 einstaklingsmálum og 18 annarskonar málum; samtals 310 mál.

## Vinna sálfræðinga í grunnskólum

Sálfræðingunum bárust 248 tilvísanir vegna grunnskólabarna og samsvarar það 9,18% grunnskólabarna á þjónustusvæði skrifstofunnar. Skólaárið 2007-08 var þetta hlutfall 10,44%. Sem ætíð fyrr er hlutfall drengja í þessum hópi hærra en stúlkna en þeir voru 160 (64,4%) og stúlkurnar 88 (35,6%). Í fyrra var þetta hlutfall 65,4% vegna drengja og 34,8% vegna stúlkna. Það er vel þekkt staðreynd að hjá sálfræðiþjónustu skóla hérlendis sem erlendis er fjöldi tilvísana vegna drengja ætíð hærri en vegna stúlkanna. Hinsvegar hafa orðið til margar skýringar og túlkanir á þessum kynjamun.

*Kynjaskipting tilvísana í grunnskóla*




Alls eru höfuðástæður tilvísana 30 talsins vegna þessara 248 nemenda. Flestar tilvísanirnar voru vegna gruns um athyglisbresti með eða án ofvirkni eða 55 talsins. Þá bárust 40 tilvísanir vegna hegðunarerfiðleika og í 38 tilvísunum var vanlíðan nefnd sem höfuðefnið. Eins og sést á súluritinu á næstu síðu voru höfuðástæður tilvísana margvíslegar. Sem dæmi má nefna: Óábyrgt lífferni, kjörþögli, tölvufíkn, viðbrögð við dauðsfalli og efasemdir um eigin kynhneigð. Annað sem vekur athygli er að fjöldi tilvísana sem nefnir einhverfu eða grun um einhverfu eykst til muna miðað við síðustu ár. Hér er ekki um sérsunnlenskt fyrirbæri að ræða vegna þess að nýgengi einhverfu virðist fara vaxandi í vestrænum löndum. Umdeilt er hvaða skýringar eru á þessari aukningu. Loks er athyglisvert hversu fá börn glíma enn við sálrænar afleiðingar jarðskjálftans sem varð í maí 2008. Í raun kemur þetta sálfræðingum Skólaskrifstofunnar ekki á óvart vegna þess að þessar niðurstöður eru í samræmi við forspár um algengi og þróun áfallastreituröskunar í kjölfar náttúruhamfara. Þegar þetta er ritað hafa annarskonar hamfarir tekið við; nú af mannavöldum. Óvíst er hvaða áhrif efnahagshrunið mun hafa á sunnlensk börn. Reynslan annarsstaðar sýnir að áhættuhegðun, vanlíðan og hegðunarerfiðleikar aukast á meðan efnahagskreppa stendur yfir. Það er því brýnt að allir sem koma að uppeldi barna hafi vitneskju um þetta og aðlagi störf sín að breyttum veruleika. Með mesta ábyrgð í þessu sambandi eru foreldrar.

Umfang annarskonar mála en einstaklingsmála getur verið mjög misjafnt. Þau geta tekið frá nokkrum klukkustundum í afgreiðslu og allt til heils vetrar. Dæmi um skjótafgreidd mál af slíku tagi er þroskaskimun í 1. bekk sem hægt er að vinna á þremur klukku-

stundum. Dæmi um hið síðarnefnda er aðkoma Skólaskrifstofunnar að forvarnarmálum aðildarsveitarfélaganna. Þar getur vinnan hlaupið á tugum klukkustunda með reglulegum eða óreglulegum fundum, ráðgjöf og textaskrifum allt árið.

Loks er vert að geta þess að tilkoma ART teymisins hefur verið mjög til góðs fyrir mörg börn og unglinga í skólum á Suðurlandi. ART teymið hefur sérstaklega unnið með börnum sem glíma við mikla hegðunar- og tilfinningaerfiðleika og náð í mörgum tilvikum góðum árangri.

#### **Tilvísunarástæður til sálfræðinga v. einstaklinga í grunnskóla skólaárið 2008-9**




#### **Störf sálfræðinga í leikskólum.**

Til sálfræðinga bárust tilvísanir vegna 44 nemenda leikskólanna sem er 4,4% leikskólabarna á þjónustusvæði skrifstofunnar. Um var að ræða 33 drengi og 11 stúlkur. Til


samanburðar barst 41 tilvísun skólaárið 2007-08 og þá var kynjahlutfallið 28 drengir á móti 13 stúlkum.

Algengustu tilvísunarefnin vegna leikskólanemenda voru hegðunarerfiðleikar (11 mál), grunur um seinþroska (10 mál), grunur um athyglisbresti með eða án ofvirkni (10 mál) og grunur um einhverfu (4 mál).

**Kynjaskipting tilvísana í leikskólum**




**Tilvísunarástæður til sálfræðinga v. leikskólabarna skólaárið 2008-9**



# Ráðgjöf vegna talmeina


Þetta skólaárið var ráðgjöf vegna talmeina með breyttu sniði. Í stað þess að kaupa þjónustuna í verktöku starfaði Hólmfríður Árnadóttir talmeinafræðingur fyrir skólaskrifstofuna sem fastur starfsmaður. Þetta fyrirkomulag er til mikilla bóta. Mikið samstarf hefur þróast milli talmeinafræðings og annarra ráðgjafa hjá Skólaskrifstofu Suðurlands. Fræðsla og námskeið á sviði málþroska og talmeina hafa aukist til muna og þjónustan öll orðið mun markvissari.

Óhætt er að segja að mikil sprenging hafi orðið í fjölda tilvísana til talmeinafræðings. Á fyrra skólaári, þ.e. 2007-8, voru tilvísanir til talmeinafræðings 60 talsins. Skólaárið 2008-9 rúmlega tvöfaldaðist



tilvísanafjöldinn og voru 146 tilvísanir skráðar til talmeinafræðings á skólaárinu. Talmeinafræðingarnir hafa til þessa mest unnið í leikskólum, en mest aukning á skólaárinu var í tilvísunum vegna grunnskólabarna.

Talmeinaráðgjöf skiptist í tvo meginþætti: greiningu á mál- og/eða talerfiðleikum barna og ráðgjöf sem felst m.a. í leiðbeiningum til kennara, starfsfólks á leikskólum og



foreldra um hvernig unnið skuli að þjálfun barnsins. Einnig leggja talmeinafræðingar einstaklingspróf fyrir nemendum með námserfiðleika, annars vegar stöðluð málþroskapróf og hins vegar greinandi próf eða kannanir vegna málnotkunar, tjáningar, heyrnrænnar úrvinnslu, orðgleymsku o.fl., oftast í samvinnu við aðra sérfræðinga skrifstofunnar sem lið í heildarúttekt á stöðu nemandans.

Talmeinafræðingur, eins og aðrir sérfræðingar skrifstofunnar, sinnir ráðgjöf og greiningu, en ekki meðferð, og vísar því málum sem þarfnast meðferðar áfram. Nánast engin meðferð vegna talmeina er í boði á Suðurlandi og þurfa því flest börn með alvarleg frávík að leita til Reykjavíkursvæðisins eftir meðferð. Því fylgir verulegur kostnaður og vinnutap fyrir forráðamenn. Þetta hefur þær afleiðingar að fjöldi barna fær enga meðferð við vanda sínum.

### Verkefni talmeinafræðinga skólaárið 2008-2009

Alls var leitað til talmeinafræðings vegna 146 barna eins og áður segir. Til að mæta þessum mikla fjölda tilvísana var gripið til ýmissa ráða, enda alveg ljóst að til að anna öllum þessum tilvísunum hefði þurft meira en hálf stöðugildi talmeinafræðings. Leikskólaráðgjafi var talmeinafræðingi til aðstoðar þar sem það var hægt, og sinnti m.a. eftirfylgd þó nokkurra mála undir handleiðslu talmeinafræðings. Eftir skólaárið liggur þó langur biðlisti sem ekki hefur tekist að vinna á.

Vegna mikillar aukningar á tilvísunum úr grunnskóla var gripið til þess ráðs að forgangsraða. Mikilvægt er að börn með talmeinafanda fái sem fyrst viðeigandi meðhöndlun og því var ákveðið að setja tilvísanir úr grunnskóla í forgang. Til að tafarlaust yrði farið að vinna með börnin í leikskólanum settu Hólmfríður Árnadóttir talmeinafræðingur og Hrafnhildur Karlsdóttir leikskóla- og sérkennsluráðgjafi upp námskeiðið „Á meðan við bíðum“ og fjallaði það um hvernig vinna skuli með börn sem grunur leikur á að séu með frávík í málþroska og framburði á meðan beðið er eftir greiningu. Námskeiðin voru vel sótt og eiga leikskóla- stjórnar og -kennarar lof skilið fyrir dugnað og jákvæðni við að leysa úr erfiðum aðstæðum.

Alls bárust skrifstofunni 70 mál vegna grunnskólabarna og 76 mál vegna

leikskólabarna. Helsta tilvísunarástæðan er málþroskaröskun af einhverju tagi, en einnig bárust skrifstofunni tilvísanir vegna framburðargalla og stams. Ekki hefur borið á að tilvísunum af litlu tilefni hafi fjölgað.



# Leikskólaráðgjöf

Ráðgjafastarfið skiptist í meginatriðum í ráðgjöf vegna faglegs starfs, sérkennsluráðgjöf og upplýsingamiðlun og námskeiðshald fyrir leikskóla.

Leikskólaráðgjafi fundar reglulega með leikskólastjórum annars vegar austan Þjórsár og hins vegar í Árnassýslu utan Árborgar. Þessir fundir eru mjög mikilvægir og stuðla að góðu samstarfi og aukinni þekkingu og upplýsingamiðlun til leikskóla og milli leikskóla á Suðurlandi. Á síðastliðnu starfsári hafa hóparnir fundað saman amk.annan hvern mánuð, áður var það einu sinni á ári.

**Helstu mál vegna almennrar ráðgjafar** fólust í skipulagningu námskeiða og fræðslufunda fyrir starfsfólk leikskóla á Suðurlandi. Eftir áramót voru námskeið og fræðslufundir afar illa sóttir og hafa skólastjórar kennt ástandinu í þjóðfélaginu um og einnig því að skólar hafa nú mun minni fjárráð til að sækja námskeið. Ráðgjafi sér fram á að talsverð aukning verði á því að sérfræðingar Skólaskrifstofu kenni námskeið inni í leikskólunum á skipulagsdögum komandi skólaárs.


Á síðasta skólaári kenndi leikskólaráðgjafi á samtals 15 námskeiðum fyrir 204 þátttakendur.

## Sérkennsluráðgjöf


Sérkennsluráðgjöfin felst í að vera leikskólakennurum til ráðgjafar vegna barna sem kennara grunar að fylgi jafnöldrum sínum ekki eftir í þroska. Einnig situr ráðgjafi skilafundi sérfræðinga og vinnur síðan áfram í málinu ásamt leikskólakennurum og foreldrum eftir því sem þurfa þykir og annast ráðgjöf varðandi gerð einstaklingsnámskrár og eftirfylgd.

Ný lög um leikskóla nr. 90 frá 12. júní 2008 kveða á um aukna eftirlitskyldu sérfræðiþjónustu. Með tilkomu þessara laga hefur eftirlitshluti starfsins aukist til muna. Sérkennsluráðgjafi var með 28 eftirfyldgarmál á þessu skólaári og sér fram á töluverða aukningu.

Kynjaskipting tilvísana til sérkennsluráðgjafa í leikskólum



### Tilvísanir til sérkennsluráðgjafa í leikskólum 2008-9



## ART verkefnið

ART teymið skipa þau Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri ART á Suðurlandi, Sigríður Þorsteinsdóttir grunnskólakennari og Inga Margrét Skúladóttir félags- og fjölskylduráðgjafi. Þau hafa öll aukin réttindi sem ART þjálfarar og mega því þjálfa starfsmenn til að verða ART þjálfarar. Á haustönn var starfinu sinnt í 2,5 stöðugildum, en á vorönninni var skorið niður vegna skorts á fjármagni. Starfshlutfall starfsmanna var þá skorið niður um 20%, eða um einn dag í viku af fullu starfi. ART teymið starfar á öllu Suðurlandi og sinnir því svæðinu frá Lómagnúpi í austri að Hellisheiði í vestri, ásamt Vestmannaeyjum.

11. júní 2008 var opnuð heimasíða ART verkefnisins á Suðurlandi og er vefslóðin <http://art.sudurland.is>. Vefsíðan er opin öllum og er þar að finna ýmsar fróðlegar upplýsingar um verkefnið og sögu þess. Einnig er þar að finna vefsvæði og spjallrás fyrir þá sem tekið hafa réttindi til að þjálfa nemendur og fjölskyldur þeirra í ART, en til að nota þann hluta vefsins þarf lykilorð sem þjálfarar fá að námskeiði loknu.

ART teymið sinnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar sinnir teymið fræðslu- og handleiðsluhlutverki við grunn- og leikskóla, félagsþjónustu og aðra þá sem vinna með börnum og ungmennum. Hins vegar gegnir teymið meðferðarhlutverki og sinnir þá börnum sem ART inntökuráðið samþykkir í meðferð. Inntökuráðið er skipað fjórum aðilum, en þar sitja: Íris Böðvarsdóttir sálfræðingur á heilsugæslu, Eygló Aradóttir barnalæknir, Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri ART á Suðurlandi og Kristín Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands og er hún formaður inntökuráðs. Fundir ráðsins eru að lágmarki tvisvar á ári, í maí og í nóvember/desember.

Á haustönn 2008 voru 12 nemendur í meðferð hjá teyminu og á vorönn 14. Haldin voru fimm ART réttindanámskeið á svæðinu, auk kynninga. (Sjá nánar yfirlit um endurmenntun og fræðslu). Einnig var veitt fræðsla út fyrir Suðurland, en haldin voru námskeið á Akureyri og Húsavík, auk þess sem teymið sinnti handleiðslu á meðferðarheimilinu Stuðlum. Samþykktar hafa verið 19 umsóknir fyrir haustönn 2009 með fyrirvara um að aukið fjármagn fái til reksturs teymisins.

Gerð var úttekt á ART verkefninu vorið 2009. Það var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem gerði úttektina fyrir menntamálaráðuneytið. Þegar ársskýrslan fór í prentun hafði skýrslan ekki verið gefin formlega út, en í henni fær ART verkefnið mjög lofsamlega dóma frá öllum þeim sem að verkefninu koma; foreldrum, börnum, kennurum, starfsmönnum félagsþjónustu, skólastjórnendum og starfsmönnum og forsvarsmönnum verkefnisins.



*“Þétt samvinna: það er málið”  
Af ART námskeiði á Suðurlandi*

# Endurmenntun og fræðsla

Alls voru haldin 44 námskeið og fræðslufundir á vegum Skólaskrifstofu Suðurlands skólaárið 2008-2009 fyrir leik- og grunnskóla. Talsverður samdráttur var í fræðslustarfi á vegum skrifstofunnar vegna niðurskurðar í endurmenntun hjá aðildarsveitarfélögunum. Fjölmennasta námskeiðið taldi 60 þátttakendur, en önnur voru smærri.

- 15.-17. sept.      **ART réttindanámskeið** fyrir grunnskólakennara. Haldið á Skólaskrifstofu Suðurlands kl. 9-16. Kennarar: Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri ART á Suðurlandi, Sigríður Þorsteinsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir ART þjálfarar. Þátttakendur voru 13.
1. sept.            Fræðslufundur um **áframhaldandi þróunarstarf í Byrjendalæsi** haldinn fyrir kennara og stuðningsfulltrúa í Grunnskólanum í Hveragerði. Kennarar: Edda G Antonsdóttir og Elinborg Sigurðardóttir sérkennslu- og kennsluráðgjafar. Þátttakendur voru 5.
8. sept.            **Bættur lestur.** Fræðslufundur fyrir kennara í Hvolsskóla um breyttar áherslur í lestrarkennslu byrjenda. Kennarar: Edda G Antonsdóttir og Elinborg Sigurðardóttir. Þátttakendur voru 12.
18. sept.          **Kynningarfundur á matslista Gerd Strand** fyrir 7 ára nemendur. Haldið á Skólaskrifstofu Suðurlands fyrir grunnskólakennara. Kennari: Guðjón Ólafsson sérkennslufræðingur. Þátttakendur voru 15.
- 23.-25. sept.      **ART réttindanámskeið** fyrir leik- og grunnskólakennara. Haldið í Vestmannaeyjum. Kennarar: Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri ART á Suðurlandi, Sigríður Þorsteinsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir ART þjálfarar. Þátttakendur voru 12.
3. október        **Réttindanámskeið vegna LOGOS – lestrargreiningarprófs.** Haldið á Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennari: Guðbjörg Ingimundardóttir. Þátttakendur voru 11.
- 7.-9. október     **ART réttindanámskeið** fyrir grunnskólakennara. Haldið á Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennarar: Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri ART á Suðurlandi, Sigríður Þorsteinsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir ART þjálfarar. Þátttakendur voru 12.
15. október       **Læsi lestrarskimun.** Fræðslufundur fyrir grunnskólakennara 1.-2. bekk, haldinn á Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennarar: Edda G Antonsdóttir, Elinborg Sigurðardóttir og Rut Guðmundsdóttir sérkennslu- og kennsluráðgjafar. Þátttakendur voru 37.

